



Svífðu líttla, létta blað...

4. tbl.5. árg. desember 2016

Jólin hans Antons - aðventusaga

Desembermánuður er heillandi og skemmtilegur í skólastarfi. Þá langar mig alltaf svo til að nota texta og verkefni tengd jólum í námi og kennslu.

Í fyrra áskotnaðist mér lítið hefti á dönsku með „aðventusögu“, þar sem sögu um jólasveinastrákinn Anton er skipt upp í 24 örstutta kafla til lestrar á hverjum degi. Þegar ég rakst á bókina í síðustu viku gat ég ekki stillt mig um að snara henni lauslega á íslensku. Nú er ég búin með fyrstu 10 dagana í desember og sagan kominn á forsíðu vefsins <http://erlendir.akmennt.is> og ég vona að ég ljúki við seinni helminginn í næstu viku. Það væri gaman ef einhverjir hefðu tök á að nýta hana til lestrar með yngri nemendum í desember.

Önnur verkefni tengd jólum eru komin á stiku til hægri á vefnum.

Nýr og góður vefur um íslenskt mál - Málið.is

Margir kannast við vef Stofnunar Árna Magnússonar þar sem m.a. var hægt að fá beygingarlýsingar íslenskra orða.

Nú er kominn þar nýr vefur sem er þægilegur í notkun og veitir margháttaðar upplýsingar um íslenskt mál. Þegar orð er slegið inn á leitarstreng opnast öll gagnasöfn sem viðkomandi orð tengist. Það getur t.d. verið Stafsetningarorðabók, Nútímamálsorðabók, Íðorðasafn, Orðsifjabók, Málvarsbanki o.fl.

Tenging: <http://malid.is>

Efnisheimurinn - lykilhugtök á pólsku

Oft höfum við áhyggjur af erlendu unglíngunum okkar og hugtakaskilningi þeirra.

Nú hefur Emilía Mlynska tekið lykilhugtök bókarinnar *Efnisheimurinn og þýtt þau og útskýrt á pólsku. Þessi vinna Emilíu er komin á forsíðu vefsins*

<http://erlendir.akmennt.is>



Með von um skemmtilegan desembermánuð í skólunum.
Takk fyrir ánægjulegt samstarf á árinu og gleðileg jóll!

Helga